



Orkubú
Vestfjarða


Ársskýrsla

2025



Efnisyfirlit

Stjórn og stjórnskipulag	3
Formáli Orkubússtjóra	5
Ávarp stjórnarformanns	11
Orkusvið	16
Veitusvið	21
Raforkukerfi Vestfjarða	28
Vatnsaflsvirkjanir	31
Díselstöðvar	34
Kyndistöðvar	36
Orkuöflun	38
Orkudreifing	42
Rekstrartruflanir	47
Kolefnisspor	49
Lykiltölur úr dreifikerfi	58



Stjórn og stjórnskipulag

Stjórn Orkubús Vestfjarða

Unnur V. Hilmarsdóttir, formaður
Ástvaldur Jóhannsson
Sigríður Kristjánsdóttir
Pröstur Söring
Viktoría Rán Ólafsdóttir


Varastjórn

Magnús Björnsson
Vaka Óttarsdóttir
Eiríkur Valdimarsson
Kjartan Már Kjartansson
Erla Jónsdóttir



Frá vinstri, Ástvaldur Jóhannsson, Halldór V. Magnússon, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Elías Jónatansson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Viktoría Rán Ólafsdóttir, Arnar Logi Ásbjörnsson, Pröstur Söring, Sölvi R. Sólbergsson

Skipurit Orkubús Vestfjarða



Formáli Orkubússtjóra



Elías Jónatansson

Árið 2025 á það sammerkt með næstu árum á undan að vera ár mikilla fjárfestinga, en fjárfesting ársins nam 1.446 m.kr. Næstu tvö árin á undan var fjárfest fyrir tæplega 1.100 m.kr. hvort ár. Næstu 5 árin þar á undan námu fjárfestingar hins vegar að meðaltali um 680 m.kr. á ári og voru því að meðaltali lægri en veltufé frá rekstri þau ár. Vegna fyrirsjáanlegra breytinga á rekstrarumhverfi m.a. vegna hækkandi raforkuverðs og erfiðrar stöðu rafkynta hitaveitna var sú stefna mörkuð á sínum tíma að finna leiðir til að auka eigin raforkuöflun félagsins, leita leiða til að rétta við erfiðan rekstur rafkynta hitaveitna og auka afhendingaröryggi raforku.

Í stuttu máli má því segja að markmið fjárfestinganna sé þrenns konar:

- Fjárfestingar í orkuskiptum fyrir rafkyntar hitaveitur félagsins, sem miða að því að færa stærstan hluta orkuöflunarinnar úr rafmagni í jarðhita, með samspili jarðhita og varmadælna, um leið og hætt verður að nýta olíukatla sem varaafli. Stefnt að því að gera hitaveiturnar samkeppnishæfari og óháðari niðurgreiðslum, en fjárhæð niðurgreiðslna byggist á fjárveitingavaldi Alþingis.

- Fjárfestingar í eigin raforkuöflun með byggingu virkjana. Stefnt er að því að Orkubúið verði sjálfbært í framleiðslu á þeirri raforku sem fyrirtækið dreifir í dag, en í dag kaupir OV helming þeirrar raforku sem það dreifir af öðrum orkuframleiðendum.
- Fjárfestingar í endurnýjun dreifikerfisins, þar sem lagðir hafa verið jarðstrengir í stað loftlína. Þannig fer afhendingaröryggi í dreifbýli stöðugt batnandi.

Áætlanir félagsins gera áfram ráð fyrir miklum fjárfestingum á næstu árum vegna ofangreindra verkefna.

Rekstur ársins 2025

Óhætt er að segja að hlýtt veðurfar á árinu hafi haft áhrif á reksturinn, sem skilaði sér í 7% minni notkun á heitu vatni og minni raforkusölu til notenda sem eru með beina rafhitun. Nýr samningur sem gerður var við Landsvirkjun haustið 2024 tryggði Orkubúið fyrir áföllum vegna skerðinga á afhendingu raforku frá Landsvirkjun á borð við skerðingarnar 2022 og 2024, þýddi hins vegar talsverða hækkun á meðalverði til rafkyntra hitaveitna. Við endurnýjun samnings með óbreyttum ákvæðum um skerðingar hefði óbreytt verð reyndar aldrei staðið til boða, en hins vegar hafði sú breyting að minnka



Hitaveiturör Tungudal

skerðingarheimildir úr 120 sólarhringum í 4 sólarhringa að sjálfsgöðu áhrif á verðið, en kom um leið í veg fyrir að grípa þyrfti til olúbrennslu ef staða í lónum Landsvirkjunar leiddi til skerðinga á orkuafhendingu. Á árinu glímdi fyrirtækið hins vegar við þrálátar bilanir í rafskautum kyndistöðvanna, sérstaklega á Patreksfirði, sem leiddi til mikils olúkostnaðar sem hafði umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu, enda var þar brennt fjórum sinnum meiri olíu á árinu en í venjulegu árferði.

EBITDA ársins var 485 m.kr. og lækkaði um 59 m.kr. á milli ára. Hækkun lífeyrisskuldbindinga félagsins um 154 m.kr. auk mikils kostnaðar vegna olúbrennslu á Patreksfirði hafði veruleg áhrif til lækkunar á EBITDA á milli ára, eða um 230 m.kr.

Rekstrartekjur jukust um 2,6% á milli ára og námu samtals 4.410 m.kr. á árinu. Aukningin skýrist að mestu vegna



Starfsmenn Orkubús Vestfjarða á sýningunni Gullkistan Vestfirðir sem haldin var á Ísafirði 6. september 2025

hækkunar á gjaldskrá, en einnig má rekja aukninguna til aukinnar sölu raforku utan Vestfjarða. Hlýindi á árinu drógu úr sölu heitu vatni til húshitunar og námu tekjur af heitavatnssölu 1.049 m.kr, minnkuðu um 7%. Tekjur af raforkudreifingu jukust um 2,7%. Tekjur af raforkusölu jukust hins vegar verulega eða um 24%. Launakostnaður án lífeyrisskuldbindinga hækkaði um 4,5% á milli ára, en stöðugildum fækkaði um eitt og voru þau 61 í árslok.

Eignir Orkubúsins námu 15.134 m.kr., en skuldir 4.134 m.kr. í árslok og nam eigið fé félagsins því 11.000 m.kr. eða 73% af heildarfjármagni.

Framleiðsla

Raforkuframleiðsla Orkubús Vestfjarða jókst um 2,2% á milli ára og var 90.440 MWst. en auk þess framleiddi Orkubúið 3,97 MWst með dísilvélum. Orkukaup af bændavirkjunum jukust um 1.581 MWst og námu 24.251 MWst. Innkaup á raforku vegna rafkynta hitaveitna námu 76.763 MWst en auk þess voru framleiddar 7.224 MWst í dísilkötlum. Alls nam orkuöflunin á árinu 273.646 MWst í samanburði við 271.825 MWst árið á undan.

Framkvæmdir í dreifikerfi raforku

Á árinu hófst undirbúningur á tengingu Súðavíkur og Ísafjarðar með jarðstrengjum og uppbyggingu nýrrar aðveitustöðvar í Súðavík. Þá var hafin vinna við stækkun aðveitustöðvar á Ísafirði vegna tengingar strengjanna.

Fjárfrekasta einstaka verkefni ársins 2026 er svo einmitt lagning jarðstrengja frá aðveitustöð á Ísafirði til Súðavíkur, auk uppbyggingar á nýrri aðveitustöð á Langeyri í Álftafirði. Um er



Þvottastöðin við GE-20 á
Patreksfirði

að ræða tvo jarðstrengi, annars vegar 33 kV streng sem m.a. verður burðarstrengur í afli fyrir nýja kalkþörungaverksmiðju sem byggð verður á Langeyri við Súðavík. Hins vegar er um að ræða 11 kV streng sem hefur ekki jafn mikla burðargetu, en mun geta annað allri almennri notkun í Súðavík ef bilun verður í 33 kV kerfinu. Tenging Súðavíkur með jarðstreng gjörbreytir afhendingaröryggi þar í samanburði við núverandi 70 ára gamla loftlínu sem fer upp í 900 m hæð yfir Rauðkoll. Tveir jarðstrengir auka svo orkuöryggi almennra notenda enn frekar. Þess má geta að jafnframt verða lagðir tveir nýir ljósleiðarar í sama skurð.

Fara þurfti í endurnýjun 11 kV háspennustrengja á milli aðveitustöðvar við Tjarnarkamb í Bolungarvík og kyndistöðvar OV með skömmum fyrirvara í vetur vegna tíðra bilana.

Áfram var haldið við jarðstrengjavæðingu og þrífösun í dreifbýlinu. Lagður var jarðstrengur frá Örlygshöfn að Breiðuvík á sunnanverðum Vestfjörðum, úr Reykjafirði í Svansvík í Ísafjarðardjúpi og fram Selárdal í Steingrímsfirði. Þá var lokið við jarðstrengjavæðingu í Árneshreppi með lagningu jarðstrengs frá Norðurfirði að Felli.

Framkvæmdir í jarðhitaleit og nýtingu

Unnin var forathugun vegna nýtingar á jarðhita sem fannst á Ísafirði 2024. Bornir voru saman nokkrir möguleikar á staðsetningu kyndistöðvar, þ.á.m. hvort byggja ætti eina sameiginlega kyndistöð fyrir byggðina inni í firði og á Eyrinni. Niðurstaðan varð sú að byggðar yrðu tvær kyndistöðvar, hvor á sínu svæði. Það þýddi að hægt væri að hefja nýtingu mun fyrr í firðinum, en þar er 20% eftirspurnarinnar. Hafnar voru framkvæmdir við virkjun jarðhitasvæðisins og lagningu heitavatnslagna að kyndistöðinni



Laugar hitaveita

á Skeiði fyrir botni fjarðarins. Farið var í útboð á varmadælulausn og gengið frá samningi við lægstbjóðanda. Reiknað er með að varmadælurnar komi á staðinn í maí og fari þá í nýuppgert húsnæði OV á Skeiði, sem er í gagnstæðum enda hússins sem hýsir núverandi kyndistöð. Sett verður niður djúpvatnsdæla í borholuna ásamt tilheyrandi búnaði.

Jarðhiti fannst á Patreksfirði. Þar er um að ræða holu sem gefur um 18 l/sek eftir langtíma dælingu af 36°C heitu vatni, áfram var haldið við að bora þar fleiri rannsóknarholur til að geta staðsett viðbótar vinnsluholu.

Á þessu ári er reiknað með að virkja jarðhitasvæðið undir Geirsmúla á Patreksfirði. Í byrjun árs voru fest kaup á húsnæði í grennd við jarðhitasvæðið sem verður endurnýjað og nýtt fyrir varmadælur sem kyndistöð, en að hluta sem geymsluhúsnæði. Hönnun á kerfinu stendur yfir, en m.a. þarf að leggja nýjar stofnlagnir.

Á Reykhólum var einnig hafin vinna við styrkja hitaveitukerfið og tengja borholu sem ekki hefur verið í notkun og verður þeirri vinnu lokið á yfirstandandi ári.

Flatey

Unnið var við byggingu orkustöðvar í Flatey sem sér eyjunni fyrir rafmagni. Um er að ræða nýja rafstöð með rafhlöðubúnaði sem tryggir hagkvæmari rekstur og jafnar álag, ásamt búnaði sem nýtir sólarorku. Þá var hannað tilheyrandi orkustjórnunarkerfi. Reiknað er með að því verki ljúki á þessu ári.

Virkjanir

Unnið var áfram við öflun leyfa vegna Kvíslatunguvirkjunar og sér nú loks fyrir endann á þeirri vinnu, en vonir standa til að virkjanaleyfi fáist fljótlega. Unnið var að veglagningu fram Selárdal að fyrirhuguðu stöðvarhúsi, en í sumar er reiknað með að haldið verði áfram með veg upp Leitishlíð að fyrirhuguðu inntaki virkjunarinnar. Verið er að ganga frá samningum um kaup á 9,9 MW vél- og rafbúnaði fyrir virkjunina.

Þá var unnið áfram að forathugun á Vatnsdalsvirkjun.

Kolefnisspor Orkubús Vestfjarða

Orkubúið hefur haldið loftslagsbókhald frá árinu 2019. Óhætt er að segja að notkun dísilolíu á olíukatla hitaveitnanna sé það sem hefur haft lang mestu áhrifin á kolefnisspor fyrirtækisins. Þannig var kolefnissporið árið 2022 þrefalt það sem gerist í meðalári og kolefnissporið 2024 sexfalt miðað við meðalár. Því miður var kolefnissporið 2025 75% hærra en í meðalári, sem stafaði að miklu leyti af bilunum í rafskautum hitaveitnanna. Nýting jarðvarma og varmadælna sem fyrir dyrum stendur mun hafa afgerandi áhrif til lækkunar á slíkum toppum í kolefnisspori fyrirtækisins.

Framkvæmdir ársins 2026

Eins og komið var að hér í upphafi þá var árið 2025 ár fjárfestinga. Fram undan næstu árin eru þó mun meiri fjárfestingar hjá félaginu, en framkvæmdaáætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir framkvæmdum alls að fjárhæð 4.500 m.kr.

Þar af er reiknað með framkvæmdum á veitusviði fyrir tæpa 1.974 m.kr., en þar er stærsta einstaka fjárfestingin 33 kV og 11 kV jarðstrengir til Súðavíkur og tilheyrandi aðveitustöðvar og búnaður.

Á orkusviði er reiknað með framkvæmdum sem nema 2,2 ma. króna. Þar er um að ræða 1.200 m.kr. fjárfestingu í hitaveitum, að stærstum hluta í jarðhita- og varmadæluúlausn á Patreksfirði og Ísafirði. Þá er reiknað með 914 m.kr. fjárfestingu í Kvíslatunguvirkjun. Á fjármálasviði er svo gert ráð fyrir ríflega 300 m.kr. fjárfestingu í húsnæði, bílum og tækjum. Árið 2027 munu fjárfestingar aukast enn, þar sem fjárfesting í Kvíslatunguvirkjun verður afgerandi stærsta verkefnið ásamt frekari fjárfestingu í jarðhita- og varmadæluverkefni á Ísafirði.

Að lokum

Ég vil þakka starfsfólki fyrirtækisins fyrir þeirra góðu störf á árinu. Það sýndi sig eins og oft áður að góð samvinna starfsmanna á öllum svæðum skilar góðum árangri þegar mikið liggur við. Það er líka rétt að taka fram að samskipti starfsmanna við viðskiptavini er mikilvægur þáttur í ímynd fyrirtækisins. Það er ánægjulegt að sjá að í könnunum sem gerðar eru ár eftir ár skorar starfsfólkið hátt hvað varðar viðmót við viðskiptavini.

Stjórn fyrirtækisins þakka ég ánægjulegt og gott samstarf og þá sérstaklega formanni stjórnar Unni Valborgu Hilmarsdóttur.

Elías Jónatansson,
Orkubússtjóri

„Verkin tala.“



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Rekstur og starfsemi Orkubús Vestfjarða á liðnu ári endurspeglar áfram þær áskoranir sem fylgja því krefjandi verkefni að framleiða og dreifa orku á svæði þar sem innviðir hafa lengi verið veikari en ásættanlegt er. Sú staða undirstrikar með skýrum hætti hversu brýnt það er að halda áfram uppbyggingu raforkukerfisins. Slík uppbygging er grundvallaratriði þegar kemur að búsetuskilyrðum, þróun atvinnulífs og öryggi samfélaga á Vestfjörðum. Orkumál snerta okkur öll – daglegt líf fólks, ákvarðanir fyrirtækja um fjárfestingar og við skulum vera óhrædd við að horfast í augu við það að í stóra samhenginu snerta þau framtíð byggðar. Það er einfaldlega þannig að án nægjanlegrar og öruggrar orku verður ekki sú uppbygging sem við viljum sjá í fjórðungnum.

Orkubú Vestfjarða hefur á undanförunum misserum lagt aukna áherslu á að taka forystu í orkuskiptum. Þar ber hæst umfangsmikil verkefni í varmadæluvæðingu sem standa yfir á Ísafirði og eru á döfinni á Patreksfirði. Með þeim er stigið mikilvægt skref í átt að hagkvæmari og stöðugri húshitun, sem hefur bein áhrif á rekstrarkostnað heimila og fyrirtækja. Þessi verkefni eru raunveruleg kjarabót fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu – og ég tel að við eigum eftir að sjá enn betur á komandi árum hversu mikilvæg þau eru.

Þá hefur undirbúningur Kvíslatunguvirkjunar verið fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi ársins. Fyrri stjórn Orkubúsins tók í mars 2025 ákvörðun um að sækja um virkjanaleyfi fyrir framkvæmdinni. Þá





Undirbúningur hitaveitulagnar á
Laugum, Geir og Hafþór

hafði virkjunin þegar farið í gegnum umhverfismat og beðið var nauðsynlegra skipulagsbreytinga af hálfu sveitarfélagsins, sem lauk síðar á árinu. Þegar þetta er skrifað, ári síðar, er virkjanaleyfið ekki enn í höfn og hafa tafir á afgreiðslu þess leitt til seinkunar á framkvæmdaáætlun verkefnisins um tæpt ár. Í stað áformaðrar spennusetningar um áramót 2027-2028 er nú áætlað að hún verði haustið 2028. Þessar tafir eru mikil vonbrigði, einkum og sér í lagi þegar staða orkumála er eins og hún er á Vestfjörðum í dag. Samfélögin á Vestfjörðum mega ekki við frekari töfum; seinkunin felur í sér gríðarlegt samfélagslegt tap. Kvíslatunguvirkjun er afar mikilvægt skref í að auka orkuframleiðslu innan fjórðungsins og bæta afhendingaröryggi. Hér er einfaldlega um nauðsynlega framkvæmd að ræða og því brýnt að bygging framkvæmdir hefjist sem allra fyrst. Til að eiga nokkurn möguleika á að tryggja jafnræði Vestfjarða við önnur landsvæði er nauðsyn að byggja upp orkukosti innan landshlutans. Kvíslatunguvirkjun er eitt fjölmargra skrefa sem nauðsynlegt er að taka í þeirri uppbyggingu.

Jarðhitaleit á Patreksfirði skilaði á árinu mjög jákvæðum niðurstöðum. Við boranir fundust gjöfular vatnsæðar á rúmlega 200 metra dýpi og mældist hitastig vatnsins um og yfir 40°C, sem er umfram væntingar í upphafi verkefnisins. Niðurstöðurnar bentu strax til þess að hægt yrði að nýta jarðhitann með varmadælum til húshitunar í bænum. Nú er undirbúningur þess í fullum gangi. Þetta er stórt framfaraskref, ekki aðeins fyrir Patreksfjörð heldur mun verkefnið, ásamt öðrum varmadæluverkefnum í landshlutanum, verða fyrirmynd fyrir orkuskipti á öðrum svæðum þar sem sambærilegar aðstæður eru til staðar. Með þeim stóru varmadæluverkefnum sem á döfinni eru hjá Orkubúinu leyfi ég mér að segja að félagið muni taka forystu í slíkum verkefnum á landsvísu. Ég

hlakka til að sjá þau raungerast og færa samfélaginu þann viðtæka ábata sem þeim mun fylgja.

Orkubúið hefur notið mikilvægs stuðnings úr Loftslags- og orkusjóði til verkefna sem tengjast varmadælum og frekari rannsóknum á orkukostum. Þessir styrkir gera okkur kleift að ráðast hraðar í verkefni sem eru bæði kostnaðarsöm

og tæknilega krefjandi. Núverandi og fyrrverandi ráðherrar málaflokksins eiga miklar þakkir skildar fyrir þá auknu fjármuni sem settir hafa verið í verkefni af þessum toga – en betur má ef duga skal.

Þau verkefni sem hér hafa verið nefnd eru alls ekki tæmandi listi yfir starfsemi Orkubúsins á árinu. Ótalin eru verkefni sem



Gasskilja Laugar

tengjast jarðstrengjavæðingu en á árinu var meðal annars lokið við að leysa loftlínur af hólmi í Árneshreppi. Ekki má gleyma undirbúning lagningar nýs 33 kV jarðstrengs til Súðavíkur fyrir nýja Kalkpörungaverksmiðju, ásamt 11 kV jarðstrengs sem býr til hringtengingu við aðveitustöð á Ísafirði sem eykur afhendingaröryggi til muna. Einnig eru ótalin fjölmörg nauðsynleg viðhaldsverkefni á þeim innviðum sem til staðar eru.

Verkefnin eru eins og sjá má fjölmörg. Þegar horft er til stöðunnar í heild tel ég mikilvægt að við tölum af hreinskilni um þá umgjörð sem búin hefur verið til um orkumál. Á undanförunum árum hefur orðið æ skýrara að regluverkið í kringum nýtingu orkuauðlinda er orðið þungt og flókið. Það sést best á töfum á leyfisveitingum vegna Kvíslatunguvirkjunar þrátt fyrir að allur undirbúningur hafi verið unninn í mikilli og góðri sátt við landeigendur, sveitarfélagið og aðra hagaðila. Þegar svo er má segja að kerfin vinni beinlínis gegn framþróun. Við það er ekki hægt að una. Umgjörðin um málaflokkinn er mannanna verk og má þ.a.l. breyta. Það er ósk mín að það reynist unnt í sem mestri sátt okkur öllum til heilla. Þar með er ég ekki að segja að fella eigi út allar girðingar og varnagla í ferlinu, þvert á móti, en við verðum að finna leiðir til að gera kerfin skilvirkari til að þoka nauðsynlegum verkefnum áfram í sátt hagaðila hverju sinni.

Við verðum líka að horfast í augu við ákveðna mótsögn í umræðunni. Það er ekki hægt að gera kröfu um orkuskipti, aukið afhendingaröryggi og öflugt atvinnulíf – og vera á sama tíma á móti uppbyggingu orkuvinnslu. Það gengur ekki upp til lengdar. Ég er uppalin og bý á landsbyggðinni, í nánum tengslum við náttúruna og útivist hverskonar. Ég skil því fullvel mikilvægi náttúruverndar. En hún þarf engu að síður að fara saman við aðra hagsmuni samfélagsins. Það þarf að veita og



Sigurður starfsmaður ÍSOR smakkar jarðhitavatn úr GE-17 á Petreksfirði

meta, taka ákvarðanir og bera ábyrgð á þeim. Náttúruvernd og nauðsynleg frampróun eru ekki “annaðhvort eða” verkefni. Ef við ætlum að ná árangri í uppbyggingu samfélaga, svo ekki sé minnst á loftslagsmálum, þá verðum við að framleiða meiri græna orku – það er einfaldlega grundvallaratriði.

Fyrir Vestfirði er þetta sérstaklega skýrt. Samfélögin hér hafa lengi búið við bæði takmarkaðra aðgengi að orku og lakara afhendingaröryggi en aðrir landshlutar og það hefur óumdeilt haft meiri áhrif á þróun svæðisins. Bæði með tilliti til fólksfjölda og hagvaxtar. Það er ríkur vilji heimamanna, og ég skynja ekki annað en að það sama eigi við um ráðamenn að bæta úr því. Þá þarf að fara saman hjóð og mynd í aðgerðum. Til að snúa þessari þróun við þá verðum við að byggja upp orkuöflun hér á svæðinu. Þannig tryggjum við bæði aðgengi að orku og öryggi í afhendingu hennar. Þetta má ekki bíða í fleiri áratugi.

Það er kannski klisja að segja að Vestfirðir standi nú á ákveðnum tímamótum. En það er engu að síður svo. Ég finn það í samtölum við sveitarstjórnarfólk, íbúa og forsvarsmenn fyrirtækja að í fjórðungnum ríkir meiri bjartsýni en áður hefur verið. En sú bjartsýni byggir á því að við nýtum þau tækifæri sem eru fyrir hendi. Þar er orkan lykilatriði og hlutverk Orkubúsins í uppbyggingu hennar er í senn afar mikilvægt og krefjandi.

Þetta hlutverk tökum við alvarlega eins og sjá má á því að fram undan eru ár sem munu verða ein mestu framkvæmdaár í sögu Orkubús Vestfjarða. Fyrirhuguð verkefni á sviði varmadæluvæðingar, áframhaldandi leit að jarðhita og undirbúningur og framkvæmd virkjunarverkefna munu setja verulegan svip á starfsemi félagsins. Með þessu fylgja

óhjákvæmilega áskoranir – bæði tæknilegar og fjárhagslegar. En í þeim felast líka gríðarleg tækifæri. Tækifæri til að styrkja innviði, bæta afhendingaröryggi og leggja traustan grunn að öflugri framtíð samfélaganna á Vestfjörðum.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki Orkubús Vestfjarða fyrir þeirra framlag á liðnu ári. Ég veit að verkefni eru krefjandi og að oft er unnið við erfiðar aðstæður. Það er því ekki sjálfgefið að halda hlutunum gangandi eins vel og raun ber vitni og fyrir það þakka ég af heilum hug.

Ég vil einnig þakka stjórn félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Ný stjórn tók við um mitt ár 2025 og hefur verið samstíga í því að takast á við krefjandi en um leið afar mikilvæg viðfangsefni í rekstri Orkubúsins. Slík samstaða skiptir miklu máli á tímum þegar ákvarðanir hafa veruleg áhrif til framtíðar.

Við eigum enn mikið verk að vinna. En við vitum hvað þarf að gera.

Og það er ekkert annað í stöðunni en að halda ótrauð áfram.

Apríl 2026

Unnur Valborg Hilmarsdóttir



Orkubú
Vestfjarða

Orkusvið



Orkusvið

Helstu framkvæmdir ársins 2025

- Unnin var forathugun á helstu möguleikum á nýtingar jarðhitans á Ísafirði. Framkvæmdir hófust á virkjun jarðhitasvæðisins í Tungudal. Framkvæmt var hluti af 800 metra lagnaleið frá borholu að kyndistöð Skeiði og gerðir voru samningar um kaup á varmadælu og djúpvatnsdælu í TD-09. Borhola TD-10 var dýpkuð úr 650 í 1.001 metra án árangurs.
- Unnið var við að ljúka byggingu dæluhúss á jarðhitasvæðinu á Laugum og uppsetningu nauðsynlegs búnaðar í stöðina. Jafnframt voru lagðir 200 metrar af fyrsta hluta aðveituæðarinnar frá jarðhitasvæðinu til Suðureyrar, þaðan sem tengt verður inná eldri aðveituæð.
- Hafin var uppsetning á nauðsynlegum búnaði í dælustöð við Maríutröð á Reykhólum með það að markmiði að taka í notkun borholu RH-07 frá árinu 1993. Sömuleiðis var hafin lagning 800 metra tengilagnar sem mun tengja borholuna við iðnaðarsvæðið við Suðurbraut á Reykhólum.



- Boruð var ný vinnsluhola Patreksfirði, GE-17 með 120 metra fóðringu. Niðurstöður borunar reyndust mjög hagstæðar og segja má að við höfum “dottið í lukkupottinn”, þar sem mest af jarðhitavatninu kom inní holuna á 269 metra dýpi. Hitastig við prófanir mældist 36°C og magn um 18 l/s. Þá voru boraðar þrjár rannsóknarholur til að afmarka jarðhitasvæðið eins og kostur er áður en viðbótarvinnsluhola verður staðsett.
- Lokið var við byggingu 100 m² rafstöðvarhúss í Flatey. Gert er ráð fyrir sólarflekum á þaki og rafhlöðum sem fyrsta skref til að innleiða græna orkugjafa í Flatey.
- Unnið var við öflun virkjunarleyfis Kvíslatunguvirkjunar frá Umhverfis- og orkustofnun. Einnig var unnið að ýmsum undirbúningsframkvæmdum fyrir virkjunina, þar á meðal veglagningu í Selárdal og útboði á 9,9 MW vél- og rafbúnað virkjunarinnar.

Helstu framkvæmdir ársins 2026

- Áformað er að ljúka við virkjun jarðhitaholu TD-09 í Tungudal á Ísafirði með uppsetningu djúpvatnsdælu og tilheyrandi búnaðar. Þá verður lokið við lagningu hitaveitulagnar frá borholu að kyndistöð Skeiði og húsnæði kyndistöðvarinnar aðlagað að breyttum rekstri. Einnig er fyrirhuguð uppsetning á varmaskipti, miðlunar- og jöfnunartank, ásamt varmadælu sem nýtir 56°C jarðhitavatn.
- Áformað er að ljúka uppsetningu nauðsynlegs búnaðar í dælustöð á jarðhitasvæðinu á Laugum og taka stöðina í rekstur. Þá verður gengið frá skýli yfir borholutopp LA-17 og varmaskiptar í kyndistöðinni á Suðureyri endurnýjaðir. Virkja á jarðhitasvæðið undir Geirsmúla á Patreksfirði. Leggja safnæð, DN 200/315 einfalt rör, frá jarðhitasvæði 430 metra leið að nýrri kyndistöð við Aðalstræti 112. Þá er áætlað að forhanna kerfið með nýtingu á 36°C heitu jarðhitavatni með varmadælu, ásamt uppblöndunar- og miðlunartank. Einnig kaupa og setja upp 3 MW rafmagnsketil og dælubúnað.
- Endurtenging tvöfalda dreifikerfisins frá nýrri kyndistöð er fyrirhuguð með nýrri DN 200/355 lögn, 340 metra skurðlengd að gatnamótum Sigtúns og Aðalstrætis. Þaðan verður lagt í tvær áttir DN 150/280 til að mynda hring á stofnlögnum í dreifikerfinu. Í fyrsta lagi þarf að leggja lögnina 140 metra upp Sigtúnsbrekku og í öðru lagi 1.300 metra eftir Standgötu að brunn í Þórsgötu.

- Ljúka á uppsetningu búnaðar í dælustöð við Maríutröð á Reykhólum og taka um leið borholu RH-07 frá árinu 1993 í fulla notkun. Ljúka á við lagningu tengilagnar milli dælustöðvar og iðnaðarsvæðisins við Suðurbraut. Sömuleiðis leggja DN 150/280 stofnlögn frá Suðurbraut, 2,3 km leið, niður á iðnaðarsvæðið í Karlsey.
- Taka nýja rafstöð og orkustjórnunarkerfi, ásamt 450 kWst rafhlöðupakka, í notkun í Flatey. Aflgeta orkustjórnarkerfisins verður 130 kW með rafhlöðunum einum saman. Á þakinu verður komið fyrir 68 m² af birtuflekum sem gefa 15 kW afl við góð skilyrði.
- Áfram verður unnið að forathugun á Vatnsdalsvirkjun. Þá er áformað að ljúka við öflun nauðsynlegra leyfa fyrir Kvíslatunguvirkjun, þ.e. leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til að rýra vatnshlotin sem virkjunin veldur og sjálft virkjunarleyfið, ásamt framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.
- Unnið verður að frekari undirbúningsframkvæmdum vegna Kvíslatunguvirkjunar, með það að markmiði að bygging virkjunarinnar verði árin 2027 til 2029. Í fyrsta lagi ljúka samningum um kaup á 9,9 MW vél- og rafbúnaði. Í öðru lagi að bjóða út byggingu virkjunarinnar og veglagningu upp Leitishlíð að fyrirhuguðu inntaki virkjunarinnar, ásamt lagningu rafstrengs og ljósleiðara.





Orkubú
Vestfjarða

Veitusvið




Veitusvið

Helstu framkvæmdir ársins 2025

- Vinna er hafin vegna lagningar nýs jarðstrengs milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Um er að ræða gríðarlega stórt verkefni sem mun bæta afhendingaröryggi auk þess sem Kalkþörungaverksmiðja mun tengjast strengnum. Þetta verkefni innheldur:
 - Stækkun aðveitustöðvar Ísafirði.
 - 33kV jarðstrengur milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - 11 kV strengurstrengur milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - Ljósleiðari milli Ísafjarðar og Súðavíkur.
 - Ný aðveitustöð í Súðavík.
 - Tenging Kalkþörungaverksmiðju við Langeyri.
- 11 kV háspennustrengir voru tengdir milli aðveitustöðvar við Tjarnarkamb Bolungarvík og kyndistöðvar. Fara þurfti í verkið með skömmum fyrirvara við krefjandi aðstæður og gekk öll sú vinna eins og best verður gert. 11kV aflrofum í aðveitustöð Tjarnarkambi.




- Unnið var áfram að styrkingu dreifikerfis með lagningu þriggja fasa jarðstrengja og ljósleiðara, í samstarfi við sveitarfélög. Þau verkefni sem farið var í voru:
 - Örlygshöfn að Breiðuvík.
 - Reykjafjörður að Svansvík.
 - Selárdalur í Steingrímsfirði.
 - Norðurfjörður að Felli.
- Farið var í viðhald aflspenna á Ísafirði og Bíldudal.
- Rafskaut voru endurnýjuð og settur upp nýr varmaskiptir í kyndistöð Mjósundum Ísafirði.
- Ný spennistöð á Sundahöfn tengd og dreifikerfi lagt í Hrafnatanga.




Helstu framkvæmdir ársins 2026

- Eins og segir í kaflanum hér að ofan þá er vinna hafin við lagningu 33kV og 11 kV jarðstrengja til Súðavíkur ásamt ljósleiðara. Þetta er langstærsta verkefnið á veitusviði. Stefnt er að því að hægt verði að taka 11kV jarðstrenginn í notkun á þessu ári.
 - Stækkun aðveitustöðvar Skeiði 7 verður í gangi á þessu ári og breytingar á rofarými Skeiði 5 Ísafirði klárast.
 - Byggð verður ný aðveitustöð við Langeyri í Álftafirði á þessu ári.
 - Samið hefur verið um kaup á jarðstrengjum og aflspennum.
 - Vinna við lagningu jarðstrengja hefst nú á vormánuðum.
- Ný hverfi rísa í Bolungarvík og á Dagverðardal og verða tengd dreifikerfi.
- Styrking dreifikerfis er alltaf framarlega á dagskrá og er enn svo. Í sérstakri skoðun nú er styrking Rauðasandslínu ásamt tengingu Sandafells ofan Þingeyrar.
- Vinna við lagningu jarðstrengja hefst nú á vormánuðum.




- Vegna kaupa á Aðalstræti 112 á Patreksfirði er vinna í gangi við hönnun og byggingu nýrrar spennistöðvar sem verður í húsinu og þjóna mun bæði hverfinu ásamt kyndistöð sem verður í húsnæðinu.
- Lagðir verða nýjir 11kV jarðstrengir í lagnaskurði hitaveitu á Patreksfirði og dreifikerfið þannig styrkt.
- Unnið verður að hönnun og skipulagasmálum vegna tengingar Kvíslatunguvirkjunnar við dreifikerfið á Hólmavík.



Íbúafjöldi á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða




	Íbúatala 1.1.2026	Breyting frá 1.1.2025	Íbúatala 1.1.2025	Breyting frá 1.1.2024
Svæði I				
Bolungarvík	1.003	8	995	6
Ísafjarðarbær	3.987	155	3.832	35
Súðavíkurreppur	219	10	209	-10
Samtals svæði I	5.209	173	5.036	31
Svæði II				
Vesturbyggð	1.290	-24	1.314	-42
Samtals svæði II	1.290	-24	1.314	-42
Svæði III				
Árneshreppur	60	0	60	7
Bæjarhreppur	79	3	76	3
Kaldrananeshreppur	117	2	115	11
Reykhólahreppur	243	-3	246	10
Strandabyggð	422	17	405	-9
Samtals svæði III	921	19	902	22
Vestfirðir samtals	7.420	168	7.252	11


Orkunotkun pr. íbúa 2005-2025




Raforkukerfi Vestfjarða







- Priggja fasa jarðstrengir og línur
- Einfasa kerfi




Vatnsaflsvirkjanir



Vatnsaflsvirkjanir

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2025 MWst	2024 MWst	Meðaltal 2014-25 MWst	Breyting % 2025 miðað við meðaltal 2024	
Mjólkárvirjun	11.200	72.492	70.626	71.359	1,59	2,64
Þverárvirjun	2.200	6.249	5.668	6.525	-4,23	10,25
Nónvirjun	500	0	0	1.346		
Fossárvirjun	1.200	4.356	4.764	4.458	-2,29	-8,56
Tungudalsvirjun	700	4.299	4.191	4.521	-4,91	2,58
Reiðhjallavirjun	520	1.242	1.501	1.725	-28,00	-17,26
Blævardalsárvirjun	300	1.503	1.415	1.542	-2,53	6,22
Mýrarárvirjun	60	299	330	318	-5,97	-9,39
Samtals eigin virkjanir	16.680	90.440	88.495	91.794	-1,48	2,20
Bændavirkjanir	5.878	22.870	21.458	25.552	-10,50	6,58
Samtals virkjanir á Vestfjörðum	22.558	113.310	109.953	117.346	-3,44	3,05

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana 2005 - 2025






Orkubú
Vestfjarða

Díselstöðvar



Díselstöðvar

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2025 MWst	Framleiðsla 2024 MWst
Ísafjörður	4.760	22	5
Súðavík	1.650	80	101
Suðureyri	660	0	3
Flateyri	1.730	13	2
Þingeyri	700	0	1
Samtals svæði I	9.500	115	112
Bíldudalur	1.150	12	13
Patreksfjörður	4.800	53	54
Flatey	95	295	262
Samtals svæði II	6.045	360	329
Reykhólar	920	21	39
Hólmavík	1.520	39	70
Drangsnæs	420	3	1
Samtals svæði III	2.860	63	110
Reykjanes	640	1	1
Samtals svæði IIII	640	1	1
Alls	19.045	539	552





Orkubú
Vestfjarða

Kyndistöðvar



Kyndistöðvar

	Árið 2025 – Orkunotkun							2024
	Uppsett afl		Afltoppur	Olía MWst	Raforka MWst	Borholur MWst	Samtals MWst	Orkunotkun
	Olíukatla MW	Raforka MW	Raforka MW					Samtals MWst
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,28	3.895	35.111		39.006	43.752
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,38	236	7.057		7.292	7.093
Bolungarvík	3,0	3,0	2,26	117	11.756		11.873	13.480
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,59	2.534	11.401		13.935	14.580
Flateyri	2,0	1,2	0,90	162	4.588		4.750	4.799
Suðureyri	3,0	1,2	0,84	280	4.661	3.001	7.942	7.821
Samtals	24,0	20,8	14,15	7.224	74.573	3.001	84.798	91.525

Orkuöflun




Orkuöflun

	Orkuöflun 2025 MWst	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2024 MWst	Mismunur '25- '24 %
Vatnsaflsvirkjanir	90.440	33,05	88.495	2,20
Díselrafstöðvar	539	0,20	518	3,97
Olíukatlar	7.224	2,64	35.604	-79,71
Jarðhiti *)	18.438	6,74	17.979	2,56
Samtals eigin vinnsla	116.641	42,62	142.596	-18,20
Forgangsorka	51.066	18,66	47.232	8,12
Raforka til hitunar	76.763	28,05	54.334	41,28
Jöfnunarorka	4.925	1,80	4.993	-1,36
Forgangsorka frá bændavirkjunum	24.251	8,86	22.670	6,98
Samtals orkukaup	157.005	57,38	129.229	21,49
Orkuöflun v/raforkusölu	173.396	63,36	165.210	4,95
Orkuöflun v/hitaveitusölu	100.250	36,64	106.615	-5,97
Heildarorkuöflun	273.646		271.825	0,67

*) Áætlað


Orkuöflun vegna hitaveitusölu

Samtals 100,3 GWst



Orkuöflun vegna raforkusölu

Samtals 173,4 GWst



Orkudreifing



Orkudreifing


Gjaldskrár- liður	Heiti	Mæla- fjöldi	MWst 2025	MWst 2024	Mismunur '25 - '24 %
A1	Almenn notkun	3.418	41.620	46.147	-9,81
A3	Utanhússlýsing *)	44	1.909	1.907	0,13
A4	Blönduð notkun ***)	1.772	44.237	47.810	-7,47
B1	Aflmæling	91	37.502	34.265	9,45
B13	Skerðanlegur flutningur	6	33.736	31.967	5,53
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis	198	8.518	9.453	-9,89
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.501	59.858	65.443	-8,53
H498	Hitaveita, stórnotendur **)	20	24.619	25.598	-3,82
Samtals		7.050	251.999	262.590	-4,03

*) Notkun áætluð miðað við 4.200 nýtingartíma.


***) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWst og á Reykhólum 52 kWst úr m3 vatns.

**) Einn mælir og notkun skipt 85% hiti og 15% almenn notkun

Orkudreifing niður á helstu notendaflokka





Skipting orkudreifingar 2004 – 2025



Þróun orkuverðs 2005-2025

Dreifing og sala



Rekstrartruflanir



Rekstrartruflanir

Bilanir í hitaveitukerfum árið 2025 voru samtals 8 en voru 9 árið áður. Í rafveitukerfinu voru samtals 118 truflanir en voru 96 árið áður. Af þessum 118 voru 34 vegna skipulags viðhalds.

Gæði raforku og afhendingaröryggi - truflanaskráning

Heiti á stuðli	Skamm- stöfun	Eining	Niðurstöður	
			Útkoma ársins	Markmið OV
Stuðull um rofið álag	SRA	MW/MW ár	0,6	<3
Stuðull um meðallengd skerðingar	SMS	mínútur/ár	160	<300
Kerfismínútur, rof undir 1 mínútu	KM0	Fjöldi	37	
Kerfismínútur, rof undir 10 mínútum	KM1	Fjöldi	19	
Kerfismínútur, rof undir 100 mínútum	KM2	Fjöldi	1	<3
Kerfismínútur, rof undir 1000 mínútum	KM3	Fjöldi	0	0
Stuðull um skerta orkuafhendingu	SSO	MW * klst/MW ár	1,95	
Stuðull um meðalskerðingu álags	SMA	MW/truflun	0,46	
Fjöldi straumleysistilvika á notanda (SAIFI)	FSN	truflanir/notanda*ár	0,95	
Tímalengd straumleysis á notanda (SAIDI)	TSN	klst/notanda*ár	3,09	
Tímalengd straumleysis á tilvik skerðingar (CAIDI)	TSF	klst/tilvik*ár	3,26	
Áreiðanleikastuðull	AS	klst/klst	99,9696	

Kolefnisspor



Kolefnisspor

Orkubú Vestfjarða hefur haldið loftlagsbókhalð frá árinu 2019 og eins og áður er markmið Orkubúsins að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og minnka kolefnissporið með markvissum aðgerðum í rekstri og með því að binda kolefni með skógrækt og endurheimt votlendis. Árið 2018 skrifuðu orku- og veitufyrirtæki innan raða Samorku undir sameiginlega loftlagsyfirlýsingu um kolefnishlutleysi árið 2040 og var Orkubú Vestfjarða hluti af því samkomulagi.


Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur samþykkt aðgerðaráætlun um kolefnishlutleysi en fyrirtækið stefnir að því að vera kolefnishlutlaust árið 2030.

Skoðaðir hafa verið möguleikar til að draga úr losun og hvernig vinna megi að því fram til 2030. Þar er lögð áhersla á að draga úr olíunotkun við starfsemina. Þá er einnig til skoðunar hvernig megi nýta kolefnisbindingu til að vega upp á móti losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir.

Árið 2025 var losun gróðurhúsalofttegunda 3.350 tonn CO₂íg. Áætluð skipting er um 82% eða 2.732 tonn vegna framleiðslu á heitu vatni til húshitunar, 16% eða 543 tonn vegna raforkuframleiðslu og 2% eða 76 tonn vegna reksturs dreifikerfis.

Kolefnisspor á orkueiningu var fyrir rafmagn 6,0 gCO₂íg/kWst, fyrir heitt vatn 26,7 gCO₂íg/kWst og fyrir dreifikerfi 0,3 gCO₂íg/kWst.

Rafkynntar hitaveitur geta haft hátt kolefnisspor því notuð er olía við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar, ef bilanir valda rofi á rafkötlum (kyndistöð) og ef flutningskerfi raforku liggur niðri vegna bilana eða skerðinga. Orkubúið getur þurft að keyra varaafsvélar með olíu til að framleiða rafmagn þegar rof eða skerðing verður á raforkuflutningi. Þetta hefur áhrif á kolefnisspor við framleiðslu rafmagns.



Mynd 1. Losun gróðurhúsalofttegunda hjá Orkubú Vestfjarða fyrir árin 2019-2025. Áætluð hlutfallsleg dreifing á rekstrareiningar.

Umfang starfseminnar

Starfsemi Orkubús Vestfjarða er þrjúþætt. Orkubúið framleiðir rafmagn og heitt vatn og rekur dreifikerfi fyrir hitaveitu og raforku. Orkubúið rekur 8 vatnsaflsvirkjanir, sem framleiða u.p.b. 90.000-100.000 MWst á ári, eða um 60% af orkunotkun Vestfjarða. Einnig rekur Orkubúið tvær jarðhitaveitur, sex kyndistöðvar og 12 dísilstöðvar (11 varaafsstöðvar og eina sem framleiðir grunnafli í Flatey).

Dreifikerfi Orkubúsins byggir á yfir þúsund kílómetrum af jarðstrengjum og rafmagnslínum, auk þess að reka dreifikerfi fyrir heitt vatn.

Tafla 1. Yfirlit yfir eigin framleiðslu á rafmagni og heitu vatni árin 2019-2025 (MWst/ári)

Eigin framleiðsla	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Vatnsafl (rafmagn)	90.228	97.106	92.061	95.211	91.634	88.493	90.440
Dísilstöðvar, varaafli (rafmagn)	401	892	906	578	552	518	539
Olúkatlar, kyndistöðvar (heitt vatn)	2.553	2.801	1.781	18.146	2.013	35.604	7.224
Rafskautskatlar (heitt vatn)	87.106	86.961	86.327	68.531	85.699	54.334	76.763
Jarðhiti (heitt vatn)	16.577	16.729	18.533	18.423	19.746	17.979	18.438
Alls	196.865	204.489	199.608	200.311	199.644	196.928	193.404

Tafla 2. Yfirlit yfir orkudreifingu (rafmagn og heitt vatn) 2019-2025 (MWst/ári)

Orkudreifing	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Dreifing heitt vatn og rafmagn	252.001	252.734	257.650	264.305	257.792	262.590	251.999

Kolefnisspor

Kolefnisspor Orkubús Vestfjarða er mælikvarði fyrir losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi fyrirtækisins að frádreginni áætlaðri kolefnisbindingu þegar hún er til staðar. Í töflunni hér að neðan má sjá á losun gróðurhúsalofttegundum hjá Orkubúinu árin 2019-2025.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Orkubúsins árið 2025 var um það bil helmingi meiri en árið 2019. Losun vegna framleiðslu á heitu vatni með varaafli (olíu) var tæplega þrefalt hærri en árið 2019 en á móti kemur að losun vegna ýmissa annarra þátta hefur minnkað. Sem dæmi hefur losun vegna notkunar á eldsneyti á vélar og tæki minnkað frá 2019.


Tafla 4, tafla 5 og mynd 2 gefa yfirlit yfir heildarlosun og áætlaða skiptingu losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningu og orkueiningu.

Tafla 4. Skipting losunar (tonnCO₂íg) á milli rekstrareininga árin 2019-2025

Rekstrareining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Framleiðsla rafmagns	681	965	1123	681	689	632	543
Framleiðsla á heitu vatni	989	944	726	5.607	787	10.884	2.732
Rekstur dreifikerfis	116	91	76	76	73	76	76

Tafla 5 Kolefnisspor fyrir hverja orkueiningu (gCO₂íg/kWst) árin 2019-2025

Orkueining	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Rafmagn	7,5	9,9	11,5	7,2	7,0	7,1	6,0
Heitt vatn	9,3	8,9	6,8	53,4	7,4	100,9	26,7
Dreifikerfi (heitt vatn og rafmagn)	0,5	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3



Mynd 2. Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningar fyrir árin 2019-2025


Kolefnisspor 2025

Á mynd 3. má sjá skiptingu gróðurhúsalofttegunda á losunarþætti Orkubús Vestfjarða árið 2025. Skiptingin á heildarlosun fyrirtækisins í % er eftirfarandi:

Olíunotkun við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar var 74%, losun frá lónum 10%, olíunotkun við framleiðslu á rafmagni 3%, notkun jarðefnaeldsneytis á vélar og tæki 4%, og rafmagnsnotkun við framleiðslu á heitu vatni 7%.

Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, flugferða starfsmanna og rafmagnsnotkunar til eigin nota var um 1,5% afheildarlosun fyrirtækisins.

Mynd 3. Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda (tonnCO₂íg) á losunarþætti 2025. Losun olíu vegna húshitunar er sýnd utan skala myndar.




Kolefnisspor 2024

Stærsti liðurinn í losunarbókhaldi 2024 var olíunotkun við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar sem var 93% af heildarlosun fyrirtækisins og þar á eftir kemur losun frá lónum sem var 3%. Losun vegna olíunotkunar við framleiðslu á rafmagni var innan við 2% af heildarlosun fyrirtækisins, vegna notkunar jarðefnaeldsneytis á vélar og tæki var rúmlega 1% og vegna rafmagnsnotkunar við framleiðslu á heitu vatni var um 1%.

Önnur losun, um 0,4%, var vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, flug- og ferjuferða starfsmanna og vegna rafmagnsnotkunar til eigin nota. Mynd 4 sýnir hvernig losun skiptist á losunarpætti.


Mynd 4. Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda (tonnCO₂íg) á losunarpætti 2025. Losun frá olíu vegna húshitunar er sýnd utan skala myndar



Samanburður kolefnisspors 2019-2025


Með samanburði á losun gróðurhúsalofttegunda yfir lengra tímabil má greina þá þætti sem hafa mest áhrif á losunina. Á myndum hér á eftir má sjá skiptingu losunar á rekstrareiningar og losunarþætti.

Mynd 5. Skipting losunar gróðurhúsalofttegunda á rekstrareiningar fyrir 2019-2025.



Lækkun á kolefnisspori árið 2025 miðað við árið 2024 má einkum skýra með því að notkun olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar minnkaði margfalt miðað við það ár. Olíunotkun vegna framleiðslu á heitu vatni skiptir mestu máli varðandi losun gróðurhúsa-lofttegunda (Mynd 5) og hefur þáttur olíunotkunar við framleiðslu á bæði heitu vatni og rafmagni í heildarlosun Orkubúsins sveiflast frá 57% til 94% á tímabilinu og var 77% árið 2025 (Mynd 6).

Mynd 6. Skipting losunar gróðurhúsalofsttegunda (tonnCO₂íg) á losunarþætti 2019-2025.



Aðgerðaráætlun

Helstu áherslupættir í aðgerðaráætlun Orkubúsins um kolefnishlutleysi eru:

- Minnka þörf á olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar og á rafmagni.
- Auka hlut vistvænna samganga.
- Leggja áherslu á kolefnisbindingu

Árangur aðgerða


Árið 2020 var sett fram aðgerðaráætlun um kolefnishlutleysi Orkubúsins ásamt markmiðum og aðgerðum sem geta dregið úr losun. Á mynd 7 má sjá stöðuna í árslok 2024 m.v. markmiðin sem sett voru 2020.

Í aðgerðaráætluninni var sett fram sviðsmynd um hvernig losun gæti dregist jafnt og þétt saman. Niðurstöður sýndu aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2022. Losun árið 2023 var hins vegar 13% minni en árið 2019. Árið 2024 var mikil olíunotkun til framleiðslu á heitu vatni en að öðru leyti lækkar losunin á milli ára.

Niðurstöðurnar gefa til kynnar að þeir tveir þættir sem hafa mest áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda eru notkun á olíu við framleiðslu á heitu vatni til húshitunar og framleiðsla á rafmagni. Bilanir og rof á rafkötlum ber að skoða og greina til að koma í veg fyrir olíunotkun á varaafli.

Í framtíðinni mun leit og nýting á heitu vatni á lághitasvæðum Vestfjarða draga út áhrifum á losun gróðurhúsalofttegunda.

Mynd 7. Sviðsmynd um samdrátt losunar 2019-2030. Rauntölur eru fyrir 2019-2025 og markmið aðgerðaráætlunar til 2030.





Orkubú
Vestfjarða

Lykiltölur úr dreififkerfi



Lykiltölur úr dreifikerfi

Háspennt dreifikerfi

		Línur	Strengir	Aflrofar		
66kV	m	23.480	0	66kV	stk.	3
33kV	m	50.160	3.260	33kV	stk.	9
19kV	m	11.980	352.960	19kV	stk.	38
11kV	m	157.420	673.640	11kV	stk.	182
6kV	m	26.193	21.624	6kV	stk.	9
		269.233	1.051.484		Samtals	241
		Samtals línur og strengir	1.320.717			

Spennar

Dreifispennar	stk.	820
Aflspennar	stk.	66

Götulýsing

Ljósastólpar	stk.	2633
Ljósbúnaður	stk.	2854
Útilýsing uppsett afl	kW	528